

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem auðið er.

Miðvikudaginn 14. febr. 1934.

Nr. 103/1933. **Jón Arinbjarnarson og Hrefna Sigur-
geirsdóttir** (Jón Arinbjarnarson)

gegn

**bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h.
bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson).

Lögtak fyrir útsvari.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. marz 1933: Hin umbeðna lögtaksgærð skal ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa með stefnu, útg. 30. sept. s. l., skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í fógetarétti Reykjavíkur 4. marz s. l. og eftirfarandi lögtaksgærð, er fór fram í sama rétti 16. s. m., en réttargerðum þessum höfðu þau áður skotið til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, útg. 28. marz f. á., en því máli hafði verið vísað frá hæstarétti með dómi réttarins, uppkveðnum 30. sept. s. l. Með hinum áfrýjaða úrskurði var kveðið svo á, að lögtak skuli fram fara fyrir ógreiddum útsvörum áfrýjenda til bæjarsjóðs Reykjavíkur, alls 975 kr. auk dráttarvaxta og kostnaðar, og með hinni áfrýjuðu lögtaksgærð 16. marz. s. l. var lögtak gert fyrir kröfum þessum í húseigninni nr. 65 við Bergstaða-

stræti í Reykjavík, en því hefir ómótmælt verið haldið fram í málinu, að húseign þessi sé séreign, áfrýjanda, Hrefnu Sigurgeirsdóttur. Fyrir hæstarétti hafa áfrýjendur krafizt þess, aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður og löghaldsgerð verði algerlega úr gildi feld, til vara, að þær verði úr gildi feldar að öðru leyti en því, er snertir útsvar þeirra fyrir árið 1932 og til þrautavara, að þær verði felldar úr gildi nema að því, er snertir viðbótarútsvar fyrir árið 1931 og útsvarið fyrir árið 1932. Þá krefjast þau þess og hvernig sem málið fer, að sér verði tildæmdur málskostnaður í hæstarétti eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda hefir þess verið krafizt, aðallega, að hinar áfrýjuðu réttargerðir verði staðfestar, en til vara að þær verði staðfestar að því er tekur til útsvaranna 1931 og 1932 og að áfrýjendur verði dæmd til að greiða málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Hinar áfrýjuðu réttargerðir fóru fram til innheimtu á útsvörum áfrýjenda til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árin 1929, 1930 og 1932 og viðbótarútsvari þeirra fyrir árið 1931. Áfrýjendur eru hjón og bjuggu saman hér í bænum öll þessi ár. Var öll árin lagt á þau eitt útsvar bæði sameiginlega og lúta andmæli þeirra gegn hinum áfrýjuðu réttargerðum fyrst og fremst að því, að ólöglegt hafi verið að leggja þannig útsvar á þau bæði saman og hafa þau um það efni vitnað til 28. gr. útsvarslaganna. Á þessa málsástæðu áfrýjenda verður þó eigi fallizt. 28. gr. útsvarslaganna ræðir eftir orðum sínum aðeins um ábyrgð hjóna á útsvörum hvors annars og á því beinlínis aðeins við er útsvör eru löggð á hjón hvort í sínu lagi, en eigi verður talið, að ákvæði greinar þessarar eða önn-

ur ákvæði útsvarslaganna girði fyrir það, að enn sé beitt þeirri aðferð, er tíðkaðist áður en útsvarslögin komu í gildi, að leggja sameiginlegt útsvar á hjón, er eigi höfðu algert fjárfélag en þjuggu þó saman, en sú aðferð við ákvörðun útsvara getur verið haganleg eftir atvikum. Samkvæmt þessu kemur þá eigi til athugunar hvort skilyrði þau, er 28. gr. útsvarslaganna setur, um ábyrgð annars hjóna á útsvari hins, séu fyrir hendi í þessu máli.

Úrskurður fógeta um að lögtak skyldi fram fara, gekk um útsvarið 1929 19. ágúst og 19. nóv. 1929, um útsvarið 1930 21. júlí og 27. nóv. 1930, um viðbótarútsvarið 1931 15. febr. 1932 og um útsvarið 1932 16. nóv. 1932. Síðan er ekkert gert til framkvæmdar lögtaki á kröfum þessum fyrr en 28. jan. 1933, er fógetaréttur Reykjavíkur er settur til að halda áfram lögtaksgerðinni. Samkvæmt þessu hefir lögtaks því að visu verið beiðst nógu snemma samkvæmt 2. gr. lögtakslaganna, en hinsvegar hefir því skilyrði nefndrar greinar, að beiðandi fylgi fram lögtakinu með hæfilegum hraða, eigi verið fullnægt, að því er tekur til útsvaranna 1929 og 1930, og ber því samkvæmt þrautavarakröfu áfrýjenda að fella hinar áfrýjuðu réttargerðir úr gildi að því er útsvör þessara ára snertir, og ber þá jafnframt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum 100 kr. upp í málskostnað í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð skulu úr gildi felld að því er kemur til útsvara áfrýjanda árin 1929 og 1930 en að öðru leyti skal hinum áfrýjuðu réttargerðum óraskað.

Stefndi, bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjendum, Jóni Arinbjarnarsyni og Hrefnu Sigurgeirsdóttur, 100 krónur upp í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að Jón Arinbjarnarson og frú hafa eigi fengið til að greiða útsvör þau, er þeim var gert að greiða til Reykjavíkurbæjar árin 1929 til 1932 incl., samtals að upphæð kr. 975,00 auk dráttarvaxta þá hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafist þess að lögtak verði gert fyrir útsvörum þessum, en gerðarþoli hefir mótmælt framgangi gerðarinnar fyrir útsvörunum frá 1929 og 1930 samtals kr. 425,00 og hafa því aðilar lagt ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli hefir mótmælt framgangi lögtaksgerðarinnar fyrir útsvörunum 1929 og 1930 vegna þess að lögtaksrétturinn sé fyrndur.

Gerðarbeiðandi mótmælir því að lögtaksrétturinn sé fyrndur vegna þess að lögtaks hafi verið beiðzt innan lögmæltis tíma og lögtökum fyrir útsvörum í Reykjavík hafi verið haldið áfram með hæfilegum hraða.

Spurningin er aðeins um það á þessu stigi málsins, hvort lögtaksrétturinn sé fyrndur á útsvörunum 1929 og 1930 sökum þess, að lögtakinu hafi ekki verið fylgt fram með hæfilegum hraða. Í málinu er það sannað, að lögtaksins hafi verið beiðzt innan lögmæltis tíma og hefir gerðarbeiðandi þannig fullnægt frá sinni hlið frumskilyrðum fyrir framkvæmd lögtaksins. Ekkert er fram komið er styðji það, að gerðarbeiðandi hafi ekki fylgt fram lögtakinu með venjulegum hætti um gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, þ. e. a. s. með þeim hraða er forsvaranlegan má telja, þegar tekið er tillit til hinna mörgu þúsunda gjalda, sem innheimta þarf og þar sem krafan er ekki fyrnd fyrir hvorugu útsvaranna, þykir lögtaksrétturinn heldur ekki vera það og verða því mótmæli gerðarþola ekki tekin til greina.